

2. FUNDUR SAMSTARFSNEFNDAR UM SAMEININGU Í A-HÚN

Miðvikudaginn 23. nóvember 2020, var fundur haldinn í fjarfundakerfinu ZOOM kl. 17.

Mætt voru:

Frá Húnavatnshreppi: Jón Gíslason, Ragnhildur Haraldsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Þóra Sverrisdóttir.

Frá Skagaströnd: Halldór G. Ólafsson, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir.

Frá Blönduós bæ: Guðmundur Haukur Jakobsson, Birna Ágústsdóttir og Valdimar O. Hermannsson

Frá Skagabyggð: Magnús Björnsson, Karen Helga R. Steinsdóttir og Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

Frá RR ráðgjöf: Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson.

Jón Gíslason setti fundinn og stýrði dagskrá.

Jón Hrói Finnsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð fyrsta fundar lögð fram og staðfest.

2. Verkefnis- og kostnaðaráætlun

Umsókn um framlög til Jöfnunarsjóðs lögð fram, en hún var send 11. nóvember og tekin fyrir á fundi ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs 18. nóvember. Róbert fór yfir efni umsóknarinnar og sagði frá samskiptum við Jöfnunarsjóð.

Jón Hrói fór yfir tímaáætlun verkefnisins sem hefur verið aðlöguð að samþykktum fundartíma samstarfsnefndar og fundartímum sveitarstjórna.

3. Hlutverk starfshópa og val fulltrúa í hópa

Róbert kynnti tillögu um að samstarfsnefndin fjalli um landbúnaðarmál líkt og önnur mál sem snúa að atvinnumálum.

Farið yfir hlutverk starfshópa og ákveðið að skipa fulltrúa í eftirfarandi hópa:

- Stjórnskipulag og fjármál
- Fræðslu og félagsþjónusta
- Menning, frístundir og lýðheilsa
- Umhverfis-, skipulags- og byggingarmál

Samstarfsnefndin sjálf fjallar um:

- Atvinnumál og byggðaðpróun (þ.á.m. landbúnaðarmál)
- Aðkomu ríkisins og hagsmunagæslu gagnvart Alþingi.
- Öryggismál (brunavarnir, almannavarnir og umferðaröryggi)

Stöðumat landbúnaðarmála hófst á fundinum. Umræðurnar voru færðar í sérstakt skjal. Umræðum verður fram haldið á næsta fundi.

4. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna 2021- 2024

Sveitarstjórar og oddvitar sögðu frá stöðu við vinnslu fjárhagsáætlana. Fram kom að frestur sem sveitarfélögunum hefur verið gefinn verði nýttur til fulls.

Þegar fjárhagsáætlanir hafa verið afgreiddar við síðari umræðu hefst endurskoðun fjárhagsgreiningar. Frekari umræðu frestað til næsta fundar.

5. Næstu fundir

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn 21. desember 2020 kl. 17.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 19:00.